

9. bekkur - Foldaskóli 2025-2026

Kennsluáætlun – íslenska
(með fyrirvara um breytingar)

Kennarar: Birkir Freyr Jóhannesson, Elín Heiður Gunnarsdóttir og Erla Júlíusdóttir.

Í íslensku á unglingastigi skiptast færnipættir í talað mál, hlustun og áhorf, lestur, lesskilning og bókmenntir, ritun og málfræði og falla hæfniviðmið undir þessa þætti. Hæfniviðmið eru þjálfuð með fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinna nemendur margvísleg verkefni til námsmats, jafnt einstaklingsverkefni sem og verkefni unnin í pörum og hópum. Hæfniviðmið í töluðu máli, hlustun og áhorfi, í lestri og bókmenntum, í ritun og í málfræði eru unnin í lotum. Notast verður við rafræna málfarsbanka samhliða vinnu eftir þörfum.

Haustönn

Hæfniviðmið – Nemandi:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
☐ Þekkir og getur greint ýmis bókmenntahugtök í skáldlegri frásögn - smásögugreining ☐ Hefur góðan lesskilning, getur greint á milli aðal- og aukaatriða í texta, getur gert grein fyrir framvindu texta og túlkað boðskap hans - smásögugreining	Bókmenntahugtök og túlkun • Með fjaðrabliki • Neistar kafli 6 • Kvikmynd	Smásögugreining

ⓧ Hefur góðan orðaforða og vandar málfar og stafsetningu - smásögugerð ⓧ Getur skapað og túlkað skriflega persónur, söguvið og söguþráð í ákveðnum stíl - smásögugerð ⓧ Kann að búa til og getur skipt texta í máls- og efnisgreinar og kann að búa til fyrirsögn sem hæfir efni - smásögugerð	Ritun og sögugerð Neistar kaflí 3 • ýmis ritunarverkefni	Frumsamín saga • Nemendur vinna einir eða í þörum • Verkefni unnið í google docs • Kennari fylgist með framvindu vinnunnar á meðan á henni stendur
ⓧ Hefur góðan lesskilning, þekkir orð sem unnið hefur verið með og getur greint og beitt algengum bókmenntahugtökum í tenglum við lesturinn - skáldsaga	Skáldsagan <i>Úr myrkrinu</i>	Verkefnahefti samhliða lestrinum Próf úr efni sögunnar og orðaforða að lestri loknum
ⓧ Gerir sér grein fyrir góðri líkamsstöðu, augnsambandi og líkamsbeitingu í framsögn og kynningu fyrir hóp - kynning ⓧ Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrléga með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi – kynning ⓧ Getur miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum - kynning	Framsögn • Neistar - kaflí 1 • Frétt eða tímaritsgrein (þjálfun) • Hlaðvarps- eða sjónvarpsþáttur (námsmat)	Munnleg skil • Nemendur segja frá hlaðvarps- eða sjónvarpsþætti að eigin vali

Vorönn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
☐ Hefur góðan lesskilning, getur greint milli aðal- og aukaatriða í texta og getur gert grein fyrir framvindu hans – Íslendingasögur, próf ☐ Hefur góðan lesskilning, getur greint milli aðal- og aukaatriða í texta og getur gert grein fyrir framvindu hans – Íslendingasögur, lokaverkefni ☐ Getur skapað og túlkað skriflega persónur, söguvið og söguþráð í ákveðnum stíl – Íslendingasögur, lokaverkefni ☐ Hefur góðan orðaforða og vandar málfar og stafsetningu – Íslendingasögur, lokaverkefni	Laxdæla • Sagan lesin í tímum • Verkefni unnin samhliða lestrinum • Logar kaflar 3+6	Próf úr sögunni Lokaverkefni eftir lestur sögunnar • Teiknimyndasaga • Viðtal • kynning á persónum • Stuttmynd
☐ Getur áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap - tilvitnanir	Ýmsar frægar erlendar tilvitnanir • Nemendur þýða tilvitnanirnar yfir á íslensku og gæta þess að merkingin skili sér	Verkefni - Tilvitnanir

ⓧ Getur sett skoðanir sínar fram og rökstutt þær í texta - rökfærsluritun ⓧ Getur skrifað texta í rökréttu samhengi með tilliti til inngangs, meginmáls og lokaorða - rökfærsluritun ⓧ Getur nýtt sér heimildir, sett upp einfalda heimildaskrá og notað tilvísanir - rökfærsluritun	Rökfærslu- og heimildaritun • Beinagrindur • Neistar kafla 3+5 • Ritgerðir af Netinu • Þættirnir Sí tengd	-Skoða vel uppbyggingu ritgerða af netinu -Skoða vel inngang, meginmál og lokaorð -Skoða vel heimildaskrár og tilvísanir • Skráning heimilda og tilvísanir, umorðun texta - í hópum Lokaverkefni • Rökfærsluritun um símanotkun -Leiðbeiningar um heimildaskráningu frá kennurum
---	---	---

Málfræðilotur - verða unnar inn á milli annarra lota jafnt og þétt yfir veturinn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
ⓧ Getur beygt sagnir í kennimyndum og flokkað þær eftir beygingu þeirra, þekkir helstu hljóðbreytingar og áttar sig á skyldleika orða	• Málið í mark - sagnorð • Neistar kafla 2 + 7	Próf: Kennimyndir sagna, skyldleiki orða út frá kennimyndum
ⓧ Getur greint hætti og myndir sagnorða og þekkir stofn þeirra	• Málið í mark - sagnorð • Neistar kafla 2 + 7	Próf: myndir og hættir sagnorða, stofn sagnorða
ⓧ Þekkir og getur beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og	• Málið í mark - óbeygjanleg orð ○ Kaflinn <i>Bland í poka</i>	Myndbandsverkefni

föstum orðasamböndum í máli sínu - myndbandsverkefni		
🔍 þekkir nafnháttarmerki, upphrópanir, forsetningar, samtengingar og atviksorð	• Málið í mark – óbeygjanleg orð	Próf: einkenni og flokkun óbeygjanlegra orða

Önnur verkefni:

- **Lesskilningur** – nemendur vinna lesskilningsverkefni meðfram lotum
 - o Bókin Útbrot
 - o Ýmsir lesskilningstextar og verkefni
- **Ýmis þjálfunarverkefni** - hlustunarskilningur, leikir og spil sem reyna á færni í íslensku og samskiptum

Eftirfarandi hæfniviðmið verða til þjálfunar í allan vetur en ekki metin sérstaklega í einstökum verkefnum:

- Nemandi er virkur í kennslustundum og fer eftir fyrirmælum, leggur sitt af mörkum í hópavinnu og sýnir öðrum virðingu og tillitssemi í öllu starfi (verður metið í lok vetrar)
- Getur nýtt sér fjölbreytt efni, greint og miðlað innihaldi þess og tekið afstöðu til þess á gagnrýnninn hátt
- Getur eftt orðaforða og lesskilning
- Getur flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilega upplýsingar sem þar er að finna
- Getur lesið fjölbreytta texta af öryggi og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa hverju sinni